

Guðmundur Ingi Guðbrandsson
Umhverfis- og auðlindaráðherra
Skuggasundi 1
150 Reykjavík

12.11.2018

Efni: Áskorun til umhverfis- og auðlindaráðherra um aðgerðir til varnar svartfuglum.

Stofnum svartfugla (lundi, teista, álka, langvía og stuttnefja) hefur hnignað mjög undanfarna tvo áratugi, og löngu er orðið tímabært að gripið verði til bráðnauðsynlegra aðgerða þeim til varnar.

Vegna viðvarandi viðkomubrests og langtímafækkunar í stofnum svartfugla greip umhverfisráðherra árið 2011 til þess ráðs að skipa starfshóp sem hafði það hlutverk að gera tillögur um aðgerðir sem stuðlað gætu að endurreisn svartfuglastofa og styrkt verndun og sjálfbæra nýtingu þeirra. Hópurinn klofnaði í afstöðu sinni en skilaði af sér tillögum í desember sama ár. Meirihlutinn setti fram tillögur í 13 liðum þar sem m.a. var lagt til **að friða allar fimm tegundirnar fyrir veiðum, þar með talið eggjatöku, í 5 ár**, að stórbæta vöktun og rannsóknir, að endurskoða ýmsa þætti í regluverki sem tengjast vernd og veiðum á svartfuglum og að bæta almenningafræðslu, sér í lagi til þeirra sem bein áhrif hafa á afdrif fugla af þessum tegundum.¹

Fyrir þessum tillögum voru færð góð rök, meðal annars þau að:

- Stofnunum hefði hnignað samfelld um árábil á landsvísu.
- Nýliðun hefði minnkað (yfir heildina á landsvísu) og flest benti til að við þáverandi ástand væri nýliðunin ekki nægjanleg til að vega upp á móti afföllum vegna veiða.
- Um langlífur tegundir væri að ræða, sem hæfu varp seint (4-8 ára) og hefðu lága árlega frjósemi. Endurheimt á fyrri stofnstærð tæki því væntanlega langan tíma. Því ætti friðunin að standa í fimm ár áður en staðan yrði endurmetin.
- Margt benti til þess að ekki væri um að ræða aðskilda stofna milli landshluta. Því yrði friðunin að gilda á landsvísu en ekki einungis taka til afmarkaðra svæða. Nauðsynlegt væri að trufla ekki fugla á varpstöðvum þar sem gengi vel, þegar heildartilhneigingin í stofninum væri ör hnignun.

Því miður komust þessar tillögur ekki til framkvæmdar. Í kjölfar tillagna starfshópsins var veiðitími svartfugla stytur, en sú aðgerð ein og sér var þó langt frá því að vera nægjanleg til að bregðast við bágu ástandi stofnanna.

Árið 2013 skilaði nefnd umhverfisráðherra um lagalega stöðu villtra spendýra og fugla á Íslandi (villidýranefnd) af sér veigamikilli skýrslu þar sem gerðar voru alvarlegar athugasemdir við gildandi lög og

¹ Starfshópur umhverfisráðherra um verndun og endurreisn svartfuglastofna (2011). Greinargerð og tillögur starfshópsins. Umhverfisráðuneytið. 39 blaðsíður. https://www.stjornarradid.is/media/umhverfisraduneyti-media/media/PDF_skrar/Tillogur-svartfuglahops-2011.pdf (sótt 4.11.2018).



stjórnsýslu og jafnframt settar fram fjölmargar tillögur um nauðsynlegar úrbætur, þar á meðal varðandi vernd og veiðar svartfugla.²

Nú eru liðin um 7 ár frá því að svartfuglastarfshópurinn skilaði sínum tillögum og rúmlega 5 ár frá skilum villidýranefndarinnar en lítið bolar á frekari aðgerðum til verndar svartfuglum, þó með þeirri mikilvægu og ánægjulegu undantekningu að teista var friðuð fyrir skotveiðum haustið 2017.

Full ástæða var til þess að grípa til verndaraðgerða fyrir 7 árum og hefur bág staða svartfugla ekkert breyst til hins betra, heldur frekar versnað. Nú er svo komið að allar fimm tegundirnar lenda á nýjum válista Náttúrufræðistofnunar Íslands um fugla, sem kynntur var á dögunum. Fuglaválistinn er opinber skrá yfir fugla sem eiga undir högg að sækja eða eru í hættu og varð til með flokkun íslenskra fugla eftir alþjóðlega viðurkenndu kerfi Alþjóðlegu náttúruverndarsamtakanna (IUCN) frá árinu 2017. Válistar eins og þessi eru ein af meginstöðum náttúruverndar í heiminum og markmið flokkunar er hættumat þar sem reynt er að segja fyrir um líkur á því að tegund kunni að deyja út.

Á nýja válistanum flokkast lundi í bráðri hættu (CR), stuttnefja og teista flokkast í hættu (EN), langvía í nokkurri hættu (VU) og álka í yfirvofandi hættu (NT).

Með þetta í huga og með tilvísun í ákvæði 7. gr. laga nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum („Ákvörðun um að aflétta friðun samkvæmt lögum þessum skal byggjast á því að viðkoma stofns sé nægileg til þess að vega upp á móti afföllum vegna veiða“) er ljóst að okkur er ekki til setunnar boðið þegar kemur að aðgerðum til verndar svartfuglum. **Stjórn Fuglaverndar skorar því á umhverfis- og auðlindaráðherra að dusta rykið af tillögum svartfuglanefndarinnar og villidýranefndarinnar og hrinda verndaraðgerðum í framkvæmd hið fyrsta, þar með talið tímabundinni friðun fyrir veiðum.**

Stjórn Fuglaverndar hefur skilning á því að mögulega þurfi einhvern aðlögunartíma til að koma öllum tillögum fyrrgreindra nefnda til framkvæmdar og leggur því til að **strax verði gripið til þess að setja sölubann á allar afurðir langvíu, stuttnefju, álku og lunda, þ.e. bæði á fugla og egg.** Slík aðgerð mun að öllum líkindum draga verulega úr sókn í þessa stofna en töluvert er selt af svartfuglakjöti á veitingastöðum hételendis, sem er nú stærsti markaðurinn fyrir það. Svartfuglsegg ganga kaupum og solum, enda auglýst í fjölmiðlum og á samfélagsmiðlum. Aðrar verndaraðgerðir þurfa svo að fylgja í kjölfarið sem fyrst.

Stjórn Fuglaverndar bendir á að veiðar á svartfuglum og eggjataka brjóta gegn gildandi lögum á meðan nýliðun er ekki næg til að vega upp á móti afföllum vegna veiða, en það er lagaleg forsenda allra nytja!

Það er einlæg von Fuglaverndar að ráðherra hafi hagsmuni íslenskra svartfugla að leiðarljósi og taki jákvætt í þessa áskorun. Félagið veitir gjarnan frekari upplýsingar og býður fram krafta sína við að koma verndaraðgerðum á.

Hólmfríður Arnardóttir framkvæmdastjóri
F.h. stjórnar Fuglaverndar,

² Menja von Schmalensee, Kristinn H. Skarphéðinsson, Hildur Vésteinsdóttir, Tómas G. Gunnarsson, Páll Hersteinsson, Auður L. Arnþórsdóttir, Hólmfríður Arnardóttir og Sigmar B. Hauksson (2013). Vernd, velferð og veiðar villtra fugla og spendýra. Lagaleg og stjórnsýsluleg staða og tillögur um úrbætur. Skýrsla unnin fyrir umhverfis- og auðlindaráðherra. 350+xi bls. ásamt viðaukum.